
Minnisblað

Dagsetning: 09.06.2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands.

Þann 25. maí 2021 tók gildi reglugerð um takmörkun á samkomum vegna farsóttar (COVID-19) nr. 587/2021 sem gildir til og með 16. júní 2021. Í reglugerðinni var slakað á flestum takmörkunum innanlands vegna góðrar þróunar COVID-19 faraldursins.

Frá gildistöku ofangreindrar reglugerðar hefur gengið vel með COVID-19 faraldurinn hér á landi. 42 hafa greinst innanlands og þar af voru 25 í sóttkví við greiningu. Síðustu dagana hefur daglegum tilfellum hins vegar fækkað mikið og síðustu tvo dagana hefur enginn greinst utan sóttkvíar þrátt fyrir að mörg sýni hafi verið rannsökuð á hverjum degi. Á sama tíma hafa einungis 10 greinst á landamærunum.

Það er því ljóst að þakka má útbreiddum bólusetningum á Íslandi og einstaklingsbundnum sýkingavörnum þann góða árangur sem við erum nú að sjá þó að ljóst sé að veiran er enn til staðar í samfélaginu.

Í dag hafa um 198 þúsund einstaklingar fengið a.m.k. eina sprautu bóluefnis og rúm 100 þúsund verið full bólusettir. Rúmlega 90% þjóðarinnar, 50 ára og eldri hefur fengið a.m.k. eina bólusetningu en tæplega 50% þeirra sem yngri eru. Enn er því nokkuð í land með að góðu hjarðónæmi verði náð meðal yngri einstaklinga. Útlit er hins vegar fyrir að í lok júní muni um 410 þúsund skammtar af bóluefni hafa borist hingað til lands sem að líkindum munu duga fyrir fullri bólusetningu 220 þúsundum manna eða um 60% þjóðarinnar þ.á.m. yngri einstaklinga.

Þar sem að enn vantar nokkuð á fullnægjandi þátttöku meðal yngri aldurshópa hér á landi þá tel ég að áfram þurfi að fara rólega í afléttingar á sóttvarnaaðgerðum innanlands þar til meiri þátttöku bólusetninga er náð. Eins og dæmin sýna erlendis frá, þá valda þau afbrigði kórónaveirunnar sem nú ganga alvarlegri sýkingum hjá yngri aldurshópum en áður hafa sést. Hér á Íslandi hefur hlutfall þeirra sem smituðust af breska afbrigðinu og þurftu á sjúkrahúsvist að halda verið það sama og fyrr í faraldrinum. Hins vegar er meðalaldur þeirra töluvert lægri en þeirra sem þurftu á innlögn að halda fyrr í faraldrinum. Einnig er rétt að minna á að indverska afbrigðið sem er í sókn í mörgum löndum og greinst hefur hér á landamærum, virðist vera að valda nýjum bylgjum víða, sbr. fréttir frá Bretlandi. Það er því mikilvægt að fara varlega í tilslakanir núna þar til að meiri útbreiðsla bólusetninga hefur náðst hjá aldurshópum undir 50 ára. Einnig þarf að hafa í huga að um 3 vikur tekur að góða vernd eftir fyrstu bólusetningu og því öðlast þeir sem bólusettir eru í dag ekki vernd fyrr en eftir þann tíma.

Á þessum tíma tel ég mikilvægara að slaka á nándarreglunni heldur en að auka þann fjölda sem má koma saman. Mikil tilslökun á fjöldatakmörkunum getur gefið þau röngu skilaboð út í

samfélagið að faraldrinum sé lokið og það getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér hvað varðar útbreiðslu COVID-19.

Ég legg því til eftirfarandi sóttvarnaaðgerðir:

1. Ný reglugerð um sóttvarnaaðgerðir innanlands taki gildi 15. júní 2021 og gildi í tvær vikur. Allt útlit er fyrir að hægt verði að aflétta frekar í framhaldi af því.
2. Almennar fjöldatakmarkanir verði miðaðar við 300 manns. Börn fædd 2015 og síðar verði undanþegin fjöldatakmarkunum.
3. Náandarregla verði almennt einn metri nema með undantekningum sem tilgreindar eru hér að neðan.
4. Grímuskylda verði áfram einungis á tilgreindum stöðum þar sem húsnæði er illa loftræst, ekki er hægt að viðhafa eins metra náandarreglu milli ótengdra aðila og stórir hópar dvelja saman í lengri tíma; sjá nánar hér að neðan. Börn fædd 2005 og síðar verði undanþegin grímuskyldu.
5. Sund- og baðstaðir megi hafa opið fyrir leyfilegum hámarksfjölda og eins metra náandarreglan viðhöfð.
6. Líkamsræktarstöðvar megi vera opnar með eftirfarandi skilyrðum:
 - a. Opið verði fyrir leyfilegum hámarksfjölda.
 - b. Allir séu fyrirframskráðir í tíma og því til fullkomin skrá yfir það hver var hvar og hvenær, og smitvakning því auðveld.
 - c. Eins metra náandarregla viðhöfð.
 - d. Við komu í hús sé tryggt að allir sótthreinsi hendur og beri grímur þar til æfing hefst.
 - e. Eftir æfingu sótthreinsi allir hendur áður en búnaður er sótthreinsaður.
 - f. Eftir æfingu (þegar hendur hafa verið sótthreinsaðar) sótthreinsi allir þann búnað sem þeir notuðu. Rekstraraðili ber ábyrgð á sótthreinsun búnaðar.
 - g. Við útgöngu sótthreinsi fólk hendur.
 - h. Milli hópa séu salerni, vaskar og aðrir snertifletir sótthreinsaðir af starfsmanni.
 - i. Í sameiginlegum rýmum skal tryggja eins metra nálægðarreglu og þegar því verður ekki við komið skal andlitsgríma notuð.
7. Íþróttir barna og fullorðinna.
 - a. Íþróttæfingar barna og fullorðinna með eða án snertinga í íþróttum innan sem utan ÍSÍ verði heimilar. Hámarksfjöldi fullorðinna í hverju hólfi verði 300 manns. Gæta skal að því að búningaöstaða sé þrífín og snertifletir sótthreinsaðir milli hópa. Sameiginleg áhöld verði sótthreinsuð eftir notkun og þess gætt að loftræsting sé í lagi og loftað vel út nokkrum sinnum yfir daginn.
 - b. Íþrótt- og ólympíusamband Íslands setur sérsamböndum reglur um sóttvarnir og um framkvæmd æfinga og keppni í sínum greinum í samvinnu við sóttvarnalækni. Í íþróttum sem ekki tilheyra Íþrótt- og ólympíusambandi

Íslands skal setja leiðbeiningar eða fylgja sömu leiðbeiningum og sambærilegar íþróttir innan sambandsins.

- c. Íþróttakeppni barna og fullorðinna verði heimilur með áhorfendum í númeruð sæti. Hámarksfjöldi áhorfenda í hólfi verði áfram 300 manns þar sem allir verða í númeruðum sætum og skylt að bera grímur. Eins metra nándarreglan verði ekki í gildi.
 - d. Skíðasvæði megi vera opin fyrir hámarksfjölda gesta. Nándarregla og grímuskýlda falli niður. Um veitingarekstur á skíðasvæðum gildi sömu reglur og um veitingasölu almennt.
8. Sviðslistir og kórastarf:
- a. Æfingar og sýningar með snertingu verði leyfðar fyrir allt að 300 starfsmenn á sviði. Gætt verði að handhreinsun og sótthreinsun sameiginlegs búnaðar a.m.k. tvisvar á dag og passað að loftræsting sé í lagi.
 - b. Heimilt verði að taka áfram á móti allt að 300 sitjandi gestum í hverju hólfi og þeim gert skylt að nota grímu nema þegar neytt er drykkjar eða neysluvöru. Börn fædd 2005 og síðar teljast með. Nándarregla falli niður.
 - c. Heimilt verði að hafa hlé á viðburðum. Veitingasala í hléum verði leyfð með hámarki 300 manns saman í einu.
 - d. Skylt verði að selja í númeruð sæti og skrá haldin yfir gesti.
9. Við athafnir trú- og lífsskoðunarfélaga og útfarir verði að hámarki 300 gestir; Gestum verði skylt að nota grímur og nándarregla falli niður. Hámarksfjöldi í erfidrykkjum verði 300 manns.
10. Verslanir megi taka á móti 5 einstaklinum á hverja 10 m². Gætt skuli að eins metra nándarreglu og einungis skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
11. Söfn og aðrir opinberir staðir megi taka á móti leyfilegum hámarksfjölda Gætt skuli að eins metra nándarreglu og einungis skylt að bera andlitsgrímu þar sem regluna er ekki hægt að viðhafa.
12. Veitingastaðir megi hafa opið til kl. 24 og gestir verði að hámarki 300 í rými og gestir skráðir. Vínveitingar einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verði að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 24 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 01:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.
13. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar megi vera opnir til kl. 24 með 300 manna hámarki í rými. Vínveitingar verði einungis bornar fram til sitjandi gesta. Heimilt verður að hleypa inn nýjum viðskiptavinum til kl. 24 og skulu gestir hafa yfirgefið staðinn kl. 01:00. Gætt skuli að eins metra nálægðarmörkum og einungis skylt að hafa grímur þar sem að því verður ekki við komið.
14. Ökunám og flugnám með kennara verði heimilt með grímunotkun.
15. Aðgerðir í skólum.
- a. Almennar takmarkanir gildi